

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 219/2015****2017/EES/19/23****frá 25. september 2015****um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/54/ESB frá 16. apríl 2014 um ráðstafanir til að greiða fyrir því að launþegar geti nýtt sér þau réttindi sem þeir hafa í tengslum við frjálsa för launþega <sup>(1)</sup>.
- 2) V. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi bætist við á eftir 7. lið (fallinn brott) V. viðauka við EES-samninginn:

„8. **32014 L 0054**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/54/ESB frá 16. apríl 2014 um ráðstafanir til að greiða fyrir því að launþegar geti nýtt sér þau réttindi sem þeir hafa í tengslum við frjálsa för launþega (Stjtið. ESB L 128, 30.4.2014, bls. 8).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Orðin „ríkisborgarar aðildarríkja ESB og EFTA-ríkjanna“ komi í stað orðanna „borgarar Sambandsins“.
- b) Orðið „launþegar“ komi í stað orðanna „launþegar í Sambandinu“.
- c) Orðin „28. gr. EES-samningsins“ komi í stað orðanna „45. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópu-sambandsins“ í 1. og 3 gr.
- d) Orðin „reglur um frjálsa för launþega samkvæmt EES-samningnum“ komi í stað orðanna „reglur Sambandsins um frjálsa för launþega“ í 4. gr.
- e) Orðin „EES-samningurinn“ komi í stað orðanna „lög Sambandsins“ í 6. gr.
- f) Orðin „21. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og“ í 7. gr. gilda ekki.“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2014/54/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*).

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 128, 30.4.2014, bls. 8.

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Ingrid Schulerud***

formaður.